

Ed.

368. Frumvarp til laga

[195. mál]

um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

Heimilt skal Dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Drættir í happdrætti þessu skulu fara fram opinberlega í Reykjavík. Dregið skal mánaðarlega.

3. gr.

Heimild þessi gildir til ársloka 1984.

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

4. gr.

Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins og afhendingu fjárens til byggingarsjóðs aldraðs fólks.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 71 24. apríl 1954 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna og lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963 um breytingu á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 71 24. apríl 1954 var Dvalarheimili aldraðra sjómanna heimilað að stofnsetja og reka happdrætti, þar sem öllum ágóða skyldi varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Gilti heimild þessi í 10 ár. Með lögum nr. 52 20. apríl 1963 var heimild þessi framlengd til ársloka 1974. Var þá jafnframt ákveðið, að ágóði happdrættisins skyldi renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. Þó skyldi 60% ágóðans varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna var og heimilt að veita styrki eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

Er með frumvarpi þessu lagt til, að heimild Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til rekstrar happdrættis þessa verði enn framlengd um 10 ár, þ. e. til ársloka 1984. Gert er ráð fyrir því, að ágóða af happdrættinu verði áfram varið á sama hátt og ákveðið var með lögum nr. 52 20. apríl 1963.

Frumvarp þetta gerir eigi ráð fyrir öðrum breytingum á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, en rétt hefur þótt að fella í eitt frumvarp upphaflegu lögin, svo og síðari breytingar á þeim.